

Alþingi – nefndasvið
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2023

Efni: Umsögn HMS um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi – 1028. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 4. maí 2023 um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

Frumvarpinu er ætlað að greiða fyrir því að hægt verði að taka á leigu húsnæði sem þegar er fyrir hendi á húsnæðismarkaði en sem ekki hefur verið ætlað til búsetu, eða nýtt þess háttar húsnæði sem er þegar í eigu ríkisins, undir tímabundin búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd án þess að afla þurfi byggingarleyfis fyrir breyttri notkun húsnæðisins til búsetu eða ráðast í breytingar á aðal- eða deiliskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags, enda uppfylli húsnæðið nánar skilgreind skilyrði um öryggi, brunavarnir og hollustuhætti sem og um gæði nærumhverfis.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) kom að hluta til að undirbúningi frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir við það. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum í ljósi lögbundinna verkefna stofnunarinnar sem eru m.a. að tryggja húsnæðisöryggi með því að auka aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, að vernda líf og heilsu, eignir og umhverfi með því að tryggja virkt eftirlit með gæðum og öryggi í mannvirkjagerð og brunavörnum og stuðla að stöðugleika og virkni á húsnæðismarkaði.

Öryggi húsnæðis með tilliti til hönnunar og brunavarna

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að heimilt verði að útbúa tímabundin búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þar er gert ráð fyrir margskonar undanþágum frá kröfum laga um mannvirki, laga um brunavarnir, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, skipulagslaga og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Markmið þessara laga er m.a. að tryggja öryggi og heilsu þeirra sem nýta þau mannvirki sem um ræðir. Því er mikilvægt að þrátt fyrir óumdeildan bráðavanda á húsnæðismarkaði að öryggi íbúa sé undirliggjandi markmið í öllu mati á mannvirkjum sem ætluð eru til þessara nota sem og við þær breytingar sem gerðar eru á þeim á grundvelli þeirra heimilda sem frumvarpið mælir fyrir um. Breytingar á þegar byggðum mannvirkjum m.t.t brunavarna og öryggis íbúa er vandasamt verk og mikilvægt að horfa sérstaklega til þeirra áhrifa sem felast í víðtækri og mismunandi félagslegri samsetningu umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þar með talið verður að horfa til þess að hamlandi þættir skerði ekki öryggi íbúa, svo sem tungumála-

örðugleikar, hreyfihömlun eða aðrir þættir sem tekið er á í hönnun mannvirkja miðað við gildandi lög og reglugerðir.

Mikilvægi þess að um tímabundið úrræði sé að ræða

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að búsetuúrræðið standi umsækjendum um alþjóðlega vernd til boða þar til þeir hafa fengið niðurstöðu í máli sínu. HMS er sammála því að mikilvægt er að bregðast við þeirri stöðu sem uppi er í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd en vill jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að horft sé til lengri tíma og samhliða hugað að langtímabúsetuúrræðum. Tryggja þarf að fyrir hendi verði nægjanlegt framboð af húsnæði til þess að taka við þeim umsækjendum sem fá alþjóðlega vernd og þar af leiðandi dvalarleyfi hér á landi. Að öðrum kosti er töluverð hætta á því að úrræðin þróist í varanlega búsetu eða að fólki sem ekki á öruggan samastað að lokinni málsmeðferð fjölgi til muna.

Að mati HMS getur sú málsmeðferð sem frumvarpið kveður á um og þær undanþágur sem þar er gert ráð fyrir í eðli sínu einungis átt við þegar mæta þarf bráðum vanda vegna skorts á íbúðum og aðeins sem tímabundin lausn. Hins vegar hvetur HMS til þess að fundnar verði leiðir til þess að nýta í sem mestu mæli þær byggingar sem nú þegar hafa verið reistar, hvort sem um ræðir atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði, til þess að fjölga íbúðum og minnka þar með þörf á nýbyggingum og lækka kolefnislosun vegna þeirra. Slíkt megi þó ekki leggja að jöfnu við þá tímabundnu ráðstöfun sem lögð er til í frumvarpinu og ekki ástæða til að veita undanþágur frá þeim reglum sem annars gilda. Unnið er að einföldun reglna og framkvæmdar í skipulags- og byggingarmálum og þessu frumvarpi er ekki ætlað að leysa þær áskoranir sem þar við blasa. Verði einhverjum þessara búsetuúrræða sem frumvarpið gerir ráð fyrir breytt í varanlegt íbúðarhúsnæði eins og gert er ráð fyrir að geti orðið sbr. 7. mgr. 3. gr. og 4. gr. frumvarpisins, eru ákveðnar líkur á að það verði að langtíma búsetu þeirra einstaklinga sem þar hafa dvalið tímabundið. Því telur HMS mikilvægt, verði frumvarp þetta að lögum, að gerðar verði áætlanir til þess að tryggja að húsnæði það sem mögulega yrði breytt varanlega í íbúðarhúsnæði uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis sem og að tryggja eðlilega félagslega blöndun á þeim svæðum þar sem slíkt húsnæði er.

Að lokum vill HMS ítreka mikilvægi þess að stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum taki í ríkara mæli til húsnæðisúrræða fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem og framtíðarhúsnæðis fyrir þá sem fá hér alþjóðlega vernd. Markmið stjórnvalda í húsnæðismálum þarf að vera að stuðla að stöðugri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til þess að tryggja öllum sem hér búa aðgang að öruggu og viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Rún Knútsdóttir, yfirlögfræðingur